

## Starfsáætlun leikskóla Kópavogs 2021-2022

### Inngangur/almennt

Hlutverk foreldraráðs Kópavols er að styðja við starf leikskólans meðal annars með því að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

### Umsögn:

Starfsáætlun Kópavols er vel rituð og skýr. Þar má finna upplýsingar um aðbúnað leikskólabarna sem og starfsfólks. Áætlunin lýsir því vel hvaða markmiðin eru höfð að leiðarljósi ásamt því með hvaða hætti skuli ná þeim markmiðum með aðalnámskrá leikskóla að leiðarljósi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Eitt markmiðana snýr að lýðræði í leikskólastarfi en þar er börnunum gefin tækifæri til að hafa sem mest áhrif á starfið, að þau finni að á þau sé hlustað, þau læri að bera ábyrgð á sér sjálfum og öðlist samkennd.

Ýmis þróunarverkefni hafa verið í gangi og munu halda áfram á næsta misseri, sem dæmi má nefna Snemmtæk íhlutun og Uppeldi til ábyrgðar. Starfsáætlunin byggir skólafarfið á sex grunnþáttum menntunar þar sem tilgreindar eru aðferðir við að vinna að hverjum þætti fyrir sig.

Í leikskólanum er rík áhersla lögð á samtarf milli heimilis og skóla þar sem markmiðið er að foreldrarnir beri megin ábyrg á uppeldi barna sinni. Í starfsáætlun er að finna upplýsingar um það hvenær er gert ráð fyrir foreldraviðtölum, bæði fyrir nýjar fjölskyldur og aðrar.

Kópavoll gefur foreldrum tækifæri á að meta starfi með könnun sem gefin er út á tveggja ára fresti ásamt því að starfsfólki gefst kostur á að fara yfir starfsáætlanir og taka þátt í að gera umbótaáætlanir fyrir leikskólann. Í starfsáætlun má einnig finna útlistun á þeim matstækjum sem notast er við í daglegu starfi skólans.

Unnið er að því að efla starfsánægju og starfsárangur með starfsfólks leikskólans með ýmsu hætti. Til að mynda hefur samskiptasáttmáli hefur verið útbúin af starfsmönnum leikskólans þar sem lögð er megináhersla á góð samskipti og gagnkvæma virðingu meðal starfsfólks. Ný móttökuáætlun hefur verið útbúin fyrir nýtt starfsfólk við fyrstu komu sem og lagt upp með að starfsfólk hljóti að minnsta kosti eitt starfsmannasamtal árlega.

### Lokaorð:

Foreldraráð Kópavols telur starfsáætlun leikskólans metnaðarfulla og lýsa starfinu vel.

---

Virðingafyllst,

Foreldraráð Kópahvols:

Carmen Maja Valencia  
Kristín Anna Ingólfsson

---